

# Um helgina

Talía sýnir:

## Gum og Goo

I Menntaskólanum við Sund stendur nú yfir árleg menningarhátíð, sem að þessu sinni nefnist Þorravaka. Einn liður hátíðarinnar er sýning Taliu, leiklistarsviðs MS, á einþáttingum Gum og Goo eftir breska leikskáldið Howard Brenton.

Þetta er annað verkefni Taliu í vetur, og æfingar eru hafnar á því þriðja. Auk þess fá nemendur í leiklistarsviði tilsögn í leiklist tvisvar í viku, og er Rúnar Guðbrandsson kennari þeirra og leikstjóri í vetur. Hann hefur einnig þýtt Gum og Goo.

Höfundur verksins, Howard Brenton, er í hópi þekktustu leikskálda Bretlands. Hann hefur þó jafnan verið umdeildur

og verk hans þótt djörf og nýstárleg. Gum og Goo er leikrit sem skrifað var fyrir þrjá leikara og með það fyrir augum að hægt væri að setja það upp hvar sem er. Leikendur í sýningunni eru Örbrún Guðmundsdóttir, Sigríður Anna Asgeirsdóttir og Soffía Gunnarsdóttir. Sýningar eru í Skálholti, samkomusál Skólafélags MS, og er gengið inn um kjallaradyr frá Ferjuvogi. Miðar eru seldir í skólanum á virkum dögum kl. 12—2 og við innganginn. Verð miða er 5 kr. fyrir meðlimi L.M.F. en 10 kr. fyrir aðra. Sýningin tekur 40 mínútur. Sýningar verða sunnudag 8. febrúar, þriðjudag 10. feb., sunnudag 15. feb., mánudag 16. feb. og þriðjudag 17. feb. og hefjast kl. 20.30 öll kvöldin. —ih



Mjóafjardarskessan — ein af þjóðsagnateikningum Asgríms Jónssonar.

## Skólasýning í Ásgrímssafni

A morgun, sunnudag, verður opnuð 17. skólasýning Ásgrímssafns. Sýndar eru oliu- og vatns-litamyndir auk fjölda þjóðsagnateikninga. Guðmundur Benediktsson myndhöggvari og Páll Guðmundsson myndlistarnemi aðstoðuðu við val mynda og upphengingu. Skólasýningar Ásgrímssafns hafa átt vaxandi vinsældum að fagna á undanförunum árum.

Sólveig Georgsdóttir, fil. cand. í safngreinum annast í vetur safnkynningu á vegum Reykjavíkurborgar. Hún hefur

verið búsett í Svipjöd um árabil og starfað í 3 ár við Nordiska Museet í Stokkhólmi en vinnur nú á Fræðsluskrifstofu Reykjavíkur. Hún mun skipuleggja ferðir barna úr skólum Reykjavíkur í Ásgrímssafn og tekur við sértímapöntunum á mánudögum kl. 9—11 í síma 28544. Sértíma fyrir skóla utan Reykjavíkur er hægt að panta í Ásgrímssafni, sími 13644 á opnunartíma safnsins sunnudaga, þriðjudaga og fimmtudaga kl. 1.30—4. Sýningin er öllum opin. Aðgangur er ókeypis.




Upplýfting á Þorranum:

## Skálað í lýsi!


I dag kl. 15 verður opnuð sam-sýning tveggja listamanna í Djúpínu og stendur hún til sunnudagsins 22. febrúar.

Það eru þeir Einar Þorsteinn Asgeirsson hönnuður og Haukur Halldórsson teiknari, sem sýna þar. Þeir hafa áður sýnt verk sín m.a. nokkrum sinnum á haustsýningum FÍM og á sam-sýningum á Kjarvalsstöðum

vegna Listahátíðar 1976. Einar Þorsteinn hefur einnig sýnt að Kjarvalsstöðum í boði List-íðnar. Að þessu sinni sýna þeir félagarnir um þrjátíu myndverk: Teikningar, mál- verk, konsept og skulptúr. Ætlunin er að hafa opnunina svolítið þjóðlega og verður gest- um boðið upp á lýsi í telfni þorran. —ih



Guðmundur Armann



Sigurður Þórir

## Vinnan — fólkið — landið

Við kynntumst fyrst þegar við vorum sendlar hjá Eddunni hérna í gamla daga, — sögðu myndlistarmennirnir Guðmundur Armann og Sigurður Þórir, sem opna sýningu á verkum sínum að Kjarvalsstöðum kl. 16 í dag, og nefna hana „Vinnan — fólkið — landið“.

Þeir félagar eiga nokkuð svipadan feril að baki, luku báðir námi við Myndlista- og handiðaskólann og fóru síðan utan til frekara náms. Sigurður

Þórir var í Kaupmannahöfn í rúm 4 ár, og Guðmundur Armann í Gautaborg í 5 ár. Þeir hafa ekki sýnt saman áður, en báðir hafa þeir haldið nokkrar einkasýningar og tekið þátt í fjölda samsýninga hér heima og erlendis.

A sýningunni eru um 90 verk, málverk, grafík og teikningar. Meginþema sýningarinnar er fólk í atvinnulífinu, en einnig á Guðmundur allmargar landslagsmyndir.

— Hugmyndin að þessari sýningu varð þannig til, — sagði Sigurður Þórir, — að ég var á leið til Húsavíkur á bíl, en billinn neitaði að fara yfir Vaðlaheiði, þannig að ég leitaði á náðir Guðmundar á Akureyri og fékk gistingu hjá honum. Við fórum að spjalla saman og sýna hvor öðrum myndir, og það endaði með því að við ákváðum að fara út í þetta.

Sýningin verður opin kl. 2—10 daglega til 22. febrúar.

## Síðustu sýningar á Könnusteypinum

Næstsíðasta sýning Þjóðleikhússins á gamanleik Holbergs, Könnusteypinum pólitíska, verður annað kvöld, sunnudag kl. 20, og sú síðasta laugardaginn 14. febrúar.

Aðalhlutverkin í leiknum leika Bessi Bjarnason, Guðrún Þ. Stephensen og Þórhallur Sigurðsson, en önnur hlutverk eru í höndum þeirra Baldvins Halldórssonar, Sigurðar Skúla-sonar, Þráins Karlssonar og Viðars Eggertssonar.

## Thorstein Bergman á Akureyri

Einsog sagt var frá hér í blaðinu á fimmtudaginn er Thorstein Bergman, einn fremsti vísnaðsöngvari Norðurlanda, í heimsókn hér á landi á vegum MFA og Norræna hússins. Hann heldur tónleika í Norræna húsinu í dag kl. 16, og í Amtsbókasafninu á Akureyri á mánudaginn kl. 20.30.

Tónleikarnir á Akureyri eru haldnir í samvinnu milli Tónlistarfélagssins á Akureyri og Menningar- og fræðslusambands alþýðu. Aðgöngumiðasala fer fram við innganginn á Amtsbókasafninu og hefst salan einni klukkustund fyrir tónleikana á mánudaginn.

A miðvikudaginn kl. 21 heldur Thorstein Bergman svo síðustu tónleika sína hér á landi, í Fjölbautaskólanum á Akranesi. —ih

## FEF fundur um skóladagheimili

Félag einstæðra foreldra efnir til fundar um skóladagheimili, starf þeirra og skipulag, að Hótel Heklu við Raudárarstíg kl. 14 í dag, laugardag. Gerður Steinþórsdóttir formaður Félagsmálaráðs og Bergur Felixson framkvæmdstjóri Dagvistar mæta á fundinum. Einnig segir Hrafn Jökullsson frá reynslu sinni af skóladagheimili. —ih




Margrét Matthíasdóttir og Hjálmtýr E. Hjálmtýsson.

## Söngur á Hlíðarenda

Hjónin Hjálmtýr E. Hjálmtýsson og Margrét Matthíasdóttir syngja við undirleik Steinunnar B. Ragnarsdóttur á veitingastaðnum Hlíðarenda við Nóatún annað kvöld frá kl. 20.

Þau Hjálmtýr og Margrét munu syngja lög úr ýmsum söngleikjum, óperuarfúr og einnig lög af nýttkominni plötu sinni. —ih



Úr opnunarmyndinni „Perceval frá Wales“.

## Kvikmyndahátíð 1981:

### 11 myndir um helgina

Það er í dag, laugardag, sem Kvikmyndahátíð 1981 verður opnuð með pompi og prakt í Regnboganum. Egill Skúli Ingibergsson borgarstjóri setur hátíðina kl. 14.30, og síðan verður sýnd franska myndin Perceval frá Wales, eftir Eric Rohmer. Opnunarathöfnin er eingöngu fyrir boðsgesti.

Nú um helgina verða sýndar samtals ellefu kvikmyndir á hátíðinni. Í dag verða þessar myndir sýndar: Stjórnandinn (Dyrygent) eftir Andrzej Wajda, rokkmyndin Cha Cha með Ninu Hagen, danska

myndin Johnny Larsen, Solo Sunny eftir Austur-Þjóðverjann Konrad Wolf, egyptska myndin Hversvegna Alexandria? og Dekurbörn eftir Frakkann Tavernier.

A morgun hefst Buster Keaton hátíðin og verða sýndar 2 langar myndir og 3 stuttar eftir Keaton. Auk þess bætast við myndirnar Perceval frá Wales, Xala eftir Sembene, og Haustmaráðon eftir Danelia.

Nánari upplýsingar er að finna í bíóauglýsingadálkinum og í blaðinu í gær. —ih

## Ballett og Dostojevskí

Kl. 15 í dag verða sýndar tvær nýlegar, sovéskar heimildamyndir í MÍR-salnum, Lindargötu 48. Önnur myndin er um Fjodor Dostojevskí, en á mánudaginn verður líðin öld frá andláti hans. Hin myndin er um nokkra unga sovéska listamenn á sviði tónlistar og danslistar, m.a. hina frægu ballerínu Nadesdu Pavlovnu. Skýringatal er með myndunum á ensku og norsku. Aðgangur er ókeypis og öllum heimill.